



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2020
Tilv: 200317alþ308

Umsögn safnaráðs vegna 308. máls, frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, tillaga til þingsályktunar um um viðhald og varðveislu gamalla báta ([sjá https://www.althingi.is/altext/150/s/0349.html](https://www.althingi.is/altext/150/s/0349.html)).

Safnaráð tekur undir að það er mikilvægt verkefni að styrkja varðveislu þess menningararfs sem fellur undir gamla báta. Augljóst er að það vantar frekara fjármagn til þessa mála, enda eru verkefni tengd viðhaldi og varðveislu gamalla báta að jafnaði fjárfrek og í flestum tilfellum eru minjar af þessari tegund forgengilegar auk þess sem þekking á verkhátum er vandfundin og fer einnig hverfandi. Góð og mikil skýrsla kom út í janúar 2020 á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna um þetta málefni, sjá fornbataskrá (sjá: <http://batasmidi.is/files/>).

Sá vandi hefur verið í því styrkumhverfi sem við búum við nú varðandi viðhald og varðveislu báta (og einnig gamalla skipa), að styrkhæfi einstakra gamalla báta og skipa hefur fallið milli skips og bryggju. Skip og bátar sem eru skráðir safngripir eru styrkhæfir úr safnasjóði, aðrir bátar og skip ættu strangt til tekið að vera styrkhæfir úr sjóðum sem eru á forræði Minjastofnunar, fornminjasjóði (eða jafnvel húsafriðunarsjóði). Því þekkjast þau tilfelli að sum varðveisluverkefni hafa hvorki fengið brautargengi úr safnasjóði né öðrum sjóðum á vegum ríkisins. Því gæti verið góð lausn að stofnaður yrði sérstakur sjóður sem hefði það hlutverk að styrkja viðhalds- og varðveisluverkefni vegna gamalla skipa og báta og eðlilegt væri þá að sá sjóður yrði rekinn með sama fyrirkomulagi og t.d. húsafriðunarsjóður og fornminjasjóður, sem eru undir forræði Minjastofnunar. Skýrt yrði þó að vera að allir gamlir bátar og skip yrðu styrkhæfir úr þessum nýja sjóði, einnig þeir bátar og þau skip sem eru skráðir safngripir í söfnum.

Fyrir hönd safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri safnaráðs